

Breytingin snertir landnotkun á Austurnesi við Bauganes þar sem suðvesturhluti útivistarsvæðis á Skildinganesi breytist í íbúðarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná.

Á fundi hreppsnefndar Eyrarsveitar 1. júlí 1999 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis við Kverná. Tillagan er auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. mars til 27. apríl 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grundarfirði, 21. júlí 1999.

F.h. Bjargar Ágústsdóttur sveitarstjóra,

Eyþór Björnsson skrifstofustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Ásum á Hraunsholti í Garðabæ. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall rað- og parhúsa er í tilteknum tilvikum hækkað úr 0,4 í 0,5. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 19. júlí 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Salahverfi í Kópavogi.

Ársalir nr. 1, 3 og 5.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 1, 3 og 5 við Ársali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr.